

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1996-2016, svæði við Dvergasteina, Stokkseyri, Sveitarfélaginu Árborg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. febrúar 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1996-2016 frá 7. október 1996.

Breytingin felst í því að að 3600 m² reitur fyrir opinberar stofnanir, verslun og þjónustu verður reitur fyrir íbúðir, opinberar stofnanir og verslun og þjónustu.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfísráðuneytinu, 11. febrúar 2004.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.